

Reglur um hreyfi- og heilsueflingarstyrk fyrir starfsfólk Fljótshéraðs

Tilgangur styrkveitingarinnar er að hvetja fastráðið starfsfólk Fljótshéraðs til skipulagðrar hreyfingar og heilsueflingar með því að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við slíka viðurkennda starfsemi.

Rétt á hreyfi- og heilsueflingarstyrk á það starfsfólk Fljótshéraðs sem er í a.m.k. 25% föstu starfi. Styrkurinn miðast við starfshlutfall viðkomandi, á þeim tíma þegar sótt er um styrkinn, og er hámarksstyrkur, miðað við fullt starf, kr. 25.000 fyrir árið 2020.

Styrkurinn er aðeins greiddur hverjum launþega einu sinni á hverju almanaksári, og aðeins vegna útgjalda á því ári, og verður að sækja um styrkinn fyrir 15. desember. Til að fá styrkinn greiddan þarf starfsfólk að vera í starfi og með samning sem gildir til a.m.k. 6 mánaða. Þó getur starfsfólk sem hefur starfað í þrjá mánuði hjá Fljótshéraði og er svo ráðið áfram í 3 mánuði fengið hreyfi- og heilsueflingarstyrk.

Starfsfólk í launalaus leyfi, í launalaus námsleyfi, eða í verkfalli, njóta ekki hreyfi- og heilsueflingarstyrks.

Starffólk í fæðingarorlofi nýtur hreyfi- og heilsueflingarstyrks samkvæmt reglum sveitarfélagsins sama tímabil og gildir um uppsöfnun orlofsréttar, (þ.e. rétturinn fellur niður eftir að almennu fæðingarorlofi lýkur – ekki er um styrk að ræða í lengdu barnseignarorlofi eða launalaus leyfi í framhaldi af barnseignarorlofi.). Starfsfólk á eftirlaunum nýtur ekki hreyfi- og heilsueflingarstyrks.

Kjörnir fulltrúar á föstum launum, sem teljast ekki beint til starfsfólks sveitarfélagsins, eiga ekki rétt á hreyfi- og heilsueflingarstyrk, en eiga rétt á að jafnaði tveimur gjaldfrjálsum tímum á viku yfir árið í sundlaug og Héraðsprek, sem rekið er af sveitarfélaginu.

Hægt er að nota hreyfi- og heilsueflingarstyrkinn við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum, skíðasvæðum, til greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum íþróttatengdra félaga, þar sem markmiðið er fyrst og fremst líkamsrækt og heilsuefling og annarrar hreyfingar t.d. jóga.

Styrkurinn getur verið notaður til greiðslu á kaupum á tækjum og búnaði gegn kvittun.

Kostnaður vegna niðurgreiðslunnar færir á þá stofnum sveitarfélagsins sem viðkomandi starfar fyrir.

Til að fá styrkinn greiddan þarf starfsfólk að sækja um styrkinn á þar til gerðu umsóknareyðublaði á heimasíðu sveitarfélagsins. Ekki er greiddur hærri styrkur en sem nemur útlögðum kostnaði samkvæmt þeim greiðslukvittunum sem fylgja með umsókn.

Umsókn, ásamt þeim kvittunum sem fylgdu umsókninni fer til launafulltrúa sem fer yfir hana og greiðir styrkinn út með næstu launagreiðslu. Launafulltrúi heldur utan um hverjir hafa fengið styrk á hverju ári.

Upphæð hámarks hreyfi- og heilsueflingarstyrks er ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.